

**Kennari:**

Líf Anna Nielsen  
Sindri Þór Guðmundsson

**Kennslufyrirkomulag:**

Kennsla inn í bekk

**Tímafjöldi:**

7 kennslustundir

**Bekkur:**

4. bekkur

**Enska**

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmuna þroska nemenda, eykur vísýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Samvinna milli landa og heimsálfa eykst stöðugt á öllum sviðum og er mikilvægt að nemendur séu undir slíkt búnir í sínu námi. Kunnátta í erlendum tungumálum er mikilvægur lykill að fræðslu, námi og atvinnutækifærum. Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt.

## Enska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk <i>Að nemandi:</i>	Leiðir
Hlustun Lestur Talað mál Ritun	Speak out Work out Verkefni frá kennara Efni af netinu	<ul style="list-style-type: none"> <li>– skilji mjög einfaldan texta</li> <li>– þjálfist með að vinna með orð</li> <li>– æfi réttritun algengra orða á ensku sem koma fyrir í námsefninu</li> <li>– geti heilsað og kvatt á ensku</li> <li>– geti kynnt sig með nafni og spurt aðra að nafni</li> <li>– þekki tölur frá 1-100</li> <li>– þekki fjölbreytta liti</li> <li>– þekki heiti yfir fjölbreyttan klæðnað</li> <li>– þekki algeng heiti yfir fjölskyldumeðlimi</li> <li>– þekki heiti yfir helstu líkamshluta</li> <li>– þekki heitin á vikudögunum og mánuðunum</li> <li>– þekki árstíðirnar</li> <li>– þekki nokkur algeng dýraheiti yfir húsdýrin</li> <li>– þekki helstu heiti yfir ávexti</li> <li>– þekki heiti yfir nokkur veðurfyrirbrigði, hita og kulda</li> <li>– þekki helstu heiti yfir helstu húsgagna</li> <li>– þekki heiti yfir helstu áhugamál</li> <li>– geti sagt hvað hann er gamall og spurt um aldur</li> <li>– þekki kveðjur sem notaðar eru á afmælum og jólum</li> <li>– þekki heiti nokkurra landa</li> <li>– þekki hugtök tengd tímanum og klukkunni</li> </ul>	Vinnubók Hlustun Söngur Áhorf af neti Verkefni í Seesaw Glósubók Skriflegar æfingar Spil

**Námsmat:**

Námsframvinda og hæfni nemenda er metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífelld að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága